



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Þjálfun í markmiðasetningu

valáfangi fyrir unglिंगastig

skólaárið 2015-2016

Verkefnisstjóri:

Elísabet Jónsdóttir

UMS-36

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna UMS-36 skólaárið 2015-2016.

Lágafellsskóli Mosfellsbæ – Elísabet Jónsdóttir – Þjálfun í
markmiðasetningu

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Markmið verkefnisins var að búa til kennsluáætlun í markmiðasetningu fyrir nemendur í grunnskóla.

Markmið kennsluáætlunarinnar er að kenna nemendum aðferðir til að nota þegar setja á sér markmið út frá eigin styrkleikum og áhugasviðum og um leið að bera ábyrgð á eigin vali í námi og lífi.

Markmið er að áætlunin verði til þess að festa í sessi á meðal nemenda á unglingsstigi, sem alla jafna standa frammi fyrir vali um framhaldsnám og leiðir eftir að grunnskóla lýkur hæfni í að setja sér markmið.

Markmið er að deila afrakstri verkefnisins með öllum kennurum Lágafellsskóla ásamt kennurum í Varmárskóla í Mosfellsbæ.

Markmið er að þjálfun í markmiðasetningu verði hluti af námi allra nemenda í Mosfellsbæ.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Mikil undirbúningsvinna fór fram í formi samtala við nemendur, kennara, leiðbeinendur og aðra sem reynslu hafa og nýttist í verkefninu. Ég lagði stund á nám í markþjálfun hjá Evolvía. Ég fór erlendis til að skoða skóla sem notar markmiðasetningu í kennslu. Þar sem lítið sem ekkert efni er til á íslensku pantaði ég bækur, tímarit og annað efni erlendis frá og þýddi hluta af því til að nota í undirbúningsvinnu. Afar áhrifaríkt var að eiga samstarf við menntunarfræðing við alla undirbúningsvinnuna.

Þegar kennsluáætlunin var tilbúin var boðið upp á valáfanga í markmiðasetningu fyrir 8. til 10. bekk í Lágafellsskóla og Varmárskóla. Markmið var að hafa einn hóp einungis samsettan nemendum úr 10. bekk og annan samsettan nemendum úr 8. og 9. bekk. Búin hefur verið til síða á (https://www.facebook.com/minmarkmid/?ref=aymt_homepage_panel) þar sem inn kemur efni áfangans fyrir aðra að skoða og fylgjast með.

Búin var til kennsluáætlun fyrir 22 vikna valáfanga þar sem hver kennslustund var 40 mínútur.

1.kennslustund:

Kynning á áfanganum

2.kennslustund:

Kynning á markmiðasetningu

3.kennslustund:

Sjálfspækkning og lykilsurningakrukkan kynnt til leiks

4.kennslustund:

Gildi

5.kennslustund:

Samfélagsverkefni kynnt

6.kennslustund:

Núvitund

7.kennslustund:

Styrkleikar

8.kennslustund:

Styrkleikapróf á netinu

9.kennslustund:

Hróshringur

10.kennslustund:

Áhugasvið

11.kennslustund:

Gagnræður

12.kennslustund:

Fyrirmyndir

13.kennslustund:

Eðli markmiða

14.kennslustund:

Forgangsröðun

15.kennslustund:

Draumaborðið

16.kennslustund:

Hjól lífsins – ég hringurinn

17.kennslustund:

Að setja sér markmið

18.kennslustund:

Að setja sér skammtíma markmið

19.kennslustund:

Markmiðasetningarvinna

20.kennslustund:

Að setja sér langtíma markmið

21.kennslustund:

Samfélagsverkefni nemenda kynnt

22.kennslustund:

Mat á áfanganum – umræður

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Áætlun stóðst að mestu leiti en þó voru nokkur frávik sem gerðu það að verkum að áætlunin tók breytingum. Fyrst er að nefna að ekki var hægt að verða við þeim óskum um að hafa hreinan hóp 10.bekkinga heldur urðu úr tveir blandaðir hópar með nemendum úr öllum þremur árgöngunum. Þetta er ókostur en gekk þó vel. Annað sem kom á óvart var að 40 mínútuna kennslustund reyndist of stuttur tími, kennslustundin hefði þurft að vera 60 til 80 mínútur, þessu gekk ekki að breyta en væri gott að breyta fyrir áframhaldið. Einnig kom í ljós að sumir þættir kennsluáætlunarinnar tóku lengri tíma en áætlað hafði verið og þurftu lengri tíma, því var mætt með því að taka þann tíma sem þurfti og færa til og sleppa úr kennsluáætlun í staðinn.

Í ljós kom að Varmárskóli sá sér ekki fært að taka þátt í verkefninu eins og til stóð og því var markmiðasetning ekki í boði þar á þessari önn en stefnt er að því á næsta skólaári og í framtíðinni.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Við vinnu verkefnisins komu hindranir sem þó var yfirleitt auðvelt að leysa. Fyrst er að nefna að lengd hvernar kennslustundar hefði þurft að vera lengri en hún var, þ.e 60 til 80 mínútur í stað 40 mínútna. Sum verkefnin þurftu lengri tíma í vinnslu og útskýringu en ég hafði gert ráð fyrir í kennsluáætlun. Hópasamsetning hefði mátt vera eins og óskað var í upphafi, þ.e sérstakur hópur bara með 10.bekkingum. Samvinnan sem stóð til að yrði við Varmárskóla gekk ekki eftir að þessu sinni en er áformað að verði á næsta skólaári þar sem markmiðasetning verður í boði þar, vegna þessa voru tveir hópar í Lágafellsskóla í stað þess sem átti að vera, einn í Lágafellsskóla og einn í Varmárskóla. Kennsluáætlunin var þannig byggð upp að ekki var sérlega gott þegar nemendur mættu ekki í alla tíma, nemendur fá leyfi eða eru skráðir með veikindi og þá missa þeir af kennslustund sem er að hluta til undirbúningur fyrir markmiðasetninguna sjálfa. En þetta er þó óhjákvæmilegt og þarf kannski að taka mið af í kennsluáætlun.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu:

Verkefnið, undirbúningsvinna og kennsla eftir tilbúinni kennsluáætlun gekk mjög vel. Verkefnið gefur ástæðu til að ávinningur verði af því. Áhugi á verkefninu er mikill, valáfangi í markmiðasetningu verður áfram í boði í Mosfellsbæ ásamt því að aðrir skólar hafa haft samband og lýst áhuga á að boðið verði upp á valáfanga í markmiðasetningu. Eins hefur verið sóst eftir því að boðið verði upp á námskeið í markmiðasetningu fyrir eldri ungmenni, þ.e fyrir 16 ára og eldri. Svo áhugi á verkefninu leynir sér ekki. Mikilvægasti ávinningurinn er ánægja nemenda með verkefnið og sú breyting sem verkefnið átti þátt í hjá nemendum. Margir nemendur þróuðu með sér ábyrgð á námi og öðru í tilverunni sem krefst ákvarðanatöku, að fylgja áhuga og styrkleika í vali, að forgangsraða, að finna og fylgja draumum sínum, að setja sér markmið. Árangur er sannarlegur.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

-hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild ?

Verkefnið hefur sannarlega staðið allar væntingar og líklegt að það hafi áhrif á skólastarfið í heild. Nemendur telja sig hafa haft ávinning af verkefninu og auglýsa það á meðal annarra nemenda. Áhugi er mikill fyrir skráningu í valfagið fyrir næsta haust. Jákvæð umræða um verkefnið hefur haft áhrif út í kennarahópinn og hugmynd vaknað að kennarar fái leiðsögn til að nota markmiðasetningu út frá áhugasviði og styrkleikum í almennri kennslu og jafnvel á yngri stigum líka.

Niðurstöður verkefnisins:

-yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins

-náðust markmiðin ? Hvað er til marks um það ?

-heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum ?

Verkefnið gerði mér sem kennara kleift að leggja stund á endurmenntun sem er mikilvæg fyrir skólakerfið, ég lagði stund á markþjálfun sem er grunnur að þekkingu á markmiðasetningu.

Það er mitt mat að verkefnið hafi staðist væntingar og ég tel markmiðasetningu fyllilega eiga erindi í skólakerfið. Það var afar áhugavert að upplifa og fylgjast með nemendum tileinka sér nýja hugsun, eignast ný verkfæri og eignast nýja framtíðarsýn sem einkennist af þeirra eigin markmiðum byggðum á sjálfsþekkingu, áhugasviðum og styrkleikum. Einnig voru foreldrar duglegir að tjá sig um þær jákvæðu breytingar sem urðu á unglíngunum við þetta námskeið. Markmið verkefnisins náðist, bæði að mati kennara, nemenda og foreldra þó vissulega megi líta á kennsluáætlunina gagnrýnum augum og laga þá vankanta sem upp komu.

Verkefnið heldur áfram hér í Lágafellsskóla og er komið til með að vera valfag fyrir 8., 9. og 10.bekk í framtíðinni. Einnig verður boðið upp á þjálfun í markmiðasetningu á unglíngastigi í Varmárskóla á næsta skólaári ásamt því að fleiri skólar á höfuðborgarsvæðinu hafa sýnt verkefninu áhuga og áætlað er að bjóða upp á val í markmiðasetningu seinni hluta næsta skólaárs í fleiri skólum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Kynning á verkefninu fór fram fyrir foreldra nemenda í 9.bekk í september 2015.

Kynning á verkefninu fór fram fyrir fræðslunefnd Mosfellsbæjar í september 2015.

Kynning á verkefninu var í Fréttablaðinu 15.10 2015: <http://www.visir.is/finnst-their-laera-fyrir-kennara-og-foreldra/article/2015151019318>

Kynning fór fram hjá Rótarýklúbb Mosfellssveitar í nóvember 2015.

Kynning fór fram í hópi markþjálfna maí 2016.

Fyrirhugað er að kynning á afrakstri og niðurstöðum verkefnisins verði í tímaritinu Vikan ásamt því að grein mun birtast í lok sumars í bæjarblaðinu Mosfellingi. Aðrar kynningar verða fyrir kennara, bæði í Mosfellsbæ og annars staðar sem þess verður óskað.

Skýrsla um verkefnið verður sett á heimasíðu Lágafellsskóla nú í júní.

Annað gagnlegt varðandi verkefnið:

Ég tel mikilvægt að þeir sem ætla að kenna markmiðasetningu séu bæði með kennaramenntun og hafi lokið markþjálfunarnámi eða námskeiði.

Nemendur framkvæmdu sjálfsmat að námskeiði loknu, mat á kennsluáætluninni og fyrirkomulagi kennslunnar, ásamt því að leggja mat á gagnsemi svona verkefnis fyrir þá sem nemendur.

Hér læt ég fylgja nokkrar tilvitnanir í sjálfsmat nemenda;

„Það stóð upp úr var þegar við unnum draumaveröldina okkar, ég lærði mikið um hvað ég vil þá“

„Ég fann löngun til að vinna í ákveðnum hliðum á sjálfri mér“

„Ég lærði að setja mér markið“

„Ég er núna ákveðnari að ná mínum markmiðum“

„Lykilspurningarnar voru mikilvægar og standa upp úr“

„Það hefði mátt hafa færri glærur og meiri eigin vinnu“

„Samfélagsverkefnið var erfitt“

„SMART markmiðin voru mögnuð“

„Ég lærði að búa mér til raunveruleg markmið“

„Skipulag markmiðasetningar er það sem ég fékk mest út úr námskeiðinu“

„Förgangaröðun og samfélagsverkefni eru mikilvægir þættir í námskeiðinu“

„Ég lærði að forgangsraða og setja mér markmið úr frá mínum styrkleikum“

„Tímarnir voru of stuttir, hefðu mátt vera tvöfaldir tímar“

„Lærði að vita meira hvað ég vil“

„Hefði kannski mátt bæta við einhverju um félagsskap“


„Núna veit ég hvað ég vil í framtíðinni“

„Markmið eru ekki bara til að setja þau heldur þarf að reyna að gera eitthvað til að koma þeim í framkvæmd“


„Námskeiðið hjálpaði mér að tala fyrir sjálfum mér og hvað mér finnst skemmtilegt“

„Eftir námskeiðið þekki ég sjálfan mig betur“

Mosfellsbæ, 10.júní 2016



Elísabet Jónsdóttir, verkefnisstjóri



Jóhanna Magnúsdóttir, skólustjóri Lágafellsskóla

**Lágafellsskóli
Mosfellsbær**